

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, föstudaginn 5. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Jónu Benný Kristjánsdóttur og Gunnari Sverri Gunnarssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 8/2025:

Knattspyrnudeild KA
gegn
Knattspyrnudeild Stjörnunnar

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I. Aðild:

Kærandi:
Knattspyrnudeild KA

Kærði:
Knattspyrnudeild Stjörnunnar

Skrifstofu KSÍ barst kæra með tölvupósti frá kæranda kl. 17:46 þann 2. september og var móttækin af skrifstofu KSÍ samdægurs.

II. Kröfur:

Kærandi krefst þess að knattspyrnuliði KA verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins gegn Stjörnunni sem fór fram þann 31. ágúst 2025 á Samsungvellinum í Garðabæ í Bestu deild karla.

Þá krefst kærandi þess að þjálfara og/eða forráðamanni Stjörnunnar verði gert að sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í allt að eitt ár, eða samkvæmt mati aga- og úrskurðarnefndar.

Í öllum tilfellum er þess krafist að Stjörnunni verði gert að greiða KA málskostnað samkvæmt mati aga- og úrskurðarnefndar.

III. Málsatvik:

Mál þetta varðar leik Stjörnunnar gegn KA sem fór fram í Bestu deild karla á Samsung vellinum í Garðabæ þann 31. ágúst sl. Leikurinn endaði með 3-2 sigri Stjörnunnar. Talsvert hefur verið fjallað um skil kærða á leikskýrslu þar sem leikskýrsla liðsins birtist ekki á vef KSÍ 60 mínútum fyrir leik. Þessu er ekki mótmælt af hálfu kærða.

Kærandi vísar í kæru sinni til þess að kærði hafi skilað leikskýrslu of seint og að Þór Sigurðsson, aðsoðarþjálfari kærða, hafi ekki verið skráður á skýrslu kærða en hafi engu að síður tekið fullan þátt í leiknum. Kveður kærandi að Þór hafi stýrt upphitun og tekið virkan þátt í leiknum í boðvangi

kærða. Þessu er að sama skapi ekki mótmælt af hálfu kærða en vísað til þess að fyrir mistök hafi Þór ekki verið á leikskýrslu.

IV.

Málsástæður kæranda:

Kærandi byggir kröfur sínar á því að Þór Sigurðsson aðstoðarþjálfari kærða hafi tekið fullan þátt í umræddum leik án þess að vera skráður á leikskýrslu og að leikskýrsla kærða í umræddum leik hafi verið vísitandi ranglega útfyllt. Kærandi vísa til þess að ábyrgð á því að leikskýrsla sé rétt útfyllt sé alfarið á höndum heimaliðs skv. gr. 9.7 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðstjórnar.“

Kærandi kveður forráðamann kærða hafa kvittað undir skýrsluna og staðfest þar með að hún væri rétt útfyllt. Þar sem nafn Þórs Sigurðssonar var hvergi að finna telur kærandi ekki hægt að áætla neitt annað en að kærði sé vísitandi að fylla út leikskýrslu og það varði við gr. 36.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem segi að lið sem slíkt gerir tapi leiknum með markatölunni 0-3.

Kærandi hafnar því alfarið að um mistök hafi verið að ræða og vísar til þess að umræddur aðstoðarþjálfari hafi verið 19 sinnum á leikskýrslu kærða á tímabilinu og gegni mikilvægu hlutverki fyrir leik og meðan á leik stendur. Kærandi telur að forráðamaður sem staðfesti skýrsluna hafi átt að reka augn í það að hann vantaði á leikskýrsluna.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til eldri mála fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þar sem kærði var sakaður um að fara á svig við reglur um útfyllingu og skil á leikskýrslum og umræðu um kærða. Kærandi kveður kærða hafa verið að „dansa á línunni“ og verið „að leika sér að eldinum“ með því að skila leikskýrslum seint, breyta þeim eftir að frestur til þess er liðinn og haga sér óeðlilega við skýrslugerð. Kærandi kveður slíkt ekki vera í anda leiksins og telur þessa háttsemi ekki óviljandi eða mistök heldur gert vísitandi.

Kærandi vísar til þess að kærði hafi skilað leikskýrslu of seint og hefði í ljósi þess átt að yfirfara skýrsluna enn betur. Með vísan til þessa segi kærandi ekki hægt að áætla neitt annað en að þetta sé vísitandi gert hjá kærða og það beri að beita viðurlögum vegna þess.

Kærandi byggir á því að kærði geti ekki falið sig lengur á bakvið það að um mistök sé að ræða með vísan til fyrri atvika sem hafi komið upp hvað kærða varðar. Þá vísar kærði til þess að forráðamaður kæranda hafi bankað upp á hjá forráðamönnum kærða í tvígang til að athuga hvers vegna skýrslan væri ekki tilbúin eftir að í ljós kom að eingöngu lið kæranda birtis á vef KSÍ klukkutíma fyrir leik. Kærandi byggir á því að kærða hafi þarna átt að vera ljóst að ekki væri allt með felldu og að það sé á ábyrgð kærða að yfirfara skýrsluna ef um mistök var að ræða. Það kveður kærandi að kærði hafi ekki gert heldur látið athugasemdir forráðamanns kæranda sér í léttu rúmi liggja. Mat kæranda er að þetta sýni fram á einbeittan vilja kærða til þess að haga málum með þessum hætti.

Kærandi telur sannreynt að leikskýrsla kærða var ranglega fyllt út af hálfu kærða og með vísan til fyrri mála megi leiða að því góðar líkur að um vísitandi verknað hafi verið að ræða en ekki mistök eða yfirsjón af neinu tagi. Kærandi kveður háttsemi kærða til þess fallna að draga úr heilindum íþróttarinnar og ekki vera í anda leiksins. Kærandi telur að sektir séu fullreynðar og leiði til þess að fleiri taki upp þá háttsemi að skila leikskýrslum seint og breyta þeim eftir eigin höfði gegn því að greiða einfaldlega sektirnar.

V.

Málsástæður kærða:

Kærði kveðst ekki getað unað við aðdróttanir kærða og mótmælir því að beita eigi viðurlögum skv. gr. 36.3, hvað þá með þeim hætti sem kærði fer fram á. Kærði vísar til handbókar leikja fyrir árið 2025 þar sem fram kemur að endanleg og undirrituð leikskýrsla skuli afhent dómara leiksins eigi síðar en 45 mínútum áður en leikur hefst og að eftir það tímamark sé ekki hægt að breyta leikskýrslunni nema í ákveðnum undantekningartilfellum.

Kærði gengst við því að það hafi misfarist vegna mannlegra mistaka að fylla inn leikskýrslu á innri veg KSÍ innan þeirra tímamarka sem greinir í handbók leikja en bendir á að undirritaðri leikskýrslu hafi verið skilað til dómara leiksins innan tímamarka. Að sama skapi gengst kærði við því að Þór Sigurðsson hafi ekki verið á leikskýrslunni og segir það hafa verið mistök sem félagið harmar.

Kærði kveðst hafna órökstuddum fylgjum kæranda og byggir á því að það hafi enga þýðingu að vísa til meintra atburða sem hafa átt sér stað í fortíðinni. Jafnframt er vísað til fyrra máls aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 6/2024 þar sem staðfest var að kærði hafi ekki brotið gegn ákvæðum reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og þess að KSÍ hafi ekki gert athugasemdir við starfshætti kærða við útfyllingu leikskýrslna.

Það sem skiptir megin máli fyrir úrlausn þessa máls samkvæmt kærða er hvort leikskýrsla hafi verið vísitandi rangt útfyllt eða hvort um mannleg mistök hafi verið að ræða. Kærði kveður kæranda ekki hafa lagt fram nein haldbær gögn sem sýni fram á með óyggjandi hætti að kærði hafi vísitandi fyllt leikskýrsluna rangt út. Kærði kveður tilgátu og ásökun kæranda þess efnis að þetta hafi verið vísitandi með vísan til þess að forráðamaður kæranda hafi í tvígang rætt við forráðamenn kærða vera fjarstæðukennda. Kærði kveður hið rétta vera að eftir samtal forráðamanna hafi liðsstjóri kærða áttað sig á því hvað tímanum leið og fyllt leikskýrsluna út í miklu flýti og gleymdi að setja Þór Sigurðsson á skýrsluna. Kærði kveður dómara ekki hafa sett út á skýrsluna eða þá staðreynd að bekkurinn í leiknum var skipaður einum leikmanni fleiri en þeim sem voru tilgreindir á skýrslunni og það sé hlutverk dómara að hafa eftirlit með þessu. Kærði kveður liðsstjóra sinn vinna að heilindum og að sú staðreynd að Þór Sigurðsson hafi verið á skýrslu í öðrum leikjum kærða bendi fremur til þess að um mistök hafi verið að ræða frekar en að honum hafi verið sleppt vísitandi. Kærði bendir á að Þór var ekki í leikbanni og hafði heimild til að taka þátt í leiknum. Vísað er til dóms áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 6/2023 þar sem þjálfari í leikbanni var ekki á leikskýrslu en stýrði liði sínu með öðrum hætti í leik í efstu deild.

Kærði vísar til sönnunarkrafna í málum fyrir aga- og úrskurðarnefnd og þess að nefndinni beri að leggja mat á það hvort fullnægjandi líkur séu á að aðili hafi gerst sekur um vísitandi bort gegn gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, sbr. úrskurð aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 3/2023. Kærði byggir á því að sönnunarkröfum sé ekki fullnægt í máli þessu þar sem frásögn kæranda gegn frásögn kærða standi gegn hvor annarri og ekkert liggi fyrir sem styðji það að leikskýrsla hafi verið fyllt út vísitandi með röngum hætti.

Kærði gerir að lokum alvarlegar athugasemdir við kröfugerð kæranda þess efnis að þjálfari og/eða fyrirsvarsmaður kærða verði settur í leikbann eða bann frá stjórnunarstörfum í allt að eitt ár. Kærði kveður kæranda vísa til gr. 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem rætt sé um fölsun nafns eða kennitölu á leikskýrslu og að ásakanir þess efnis séu fráleitar.

VI.

Niðurstaða:

Ágreiningsefni þessa máls varðar það hvort leikskýrsla hafi verið ranglega fyllt út af hálfu kærða með vísitandi hætti í leik Stjörnunnar gegn KA í Bestu deild karla þann 31. ágúst 2025. Kærandi

kveður það hafa verið gert með því að skila leikskýrslu ekki inn á vef KSÍ klukkutíma fyrir leik og sleppa því að skrá Þór Sigurðsson á leikskýrsluna þrátt fyrir að hann hafi tekið fullan þátt í undirbúningi leiksins og leiknum sjálfum sem aðstoðarþjálfari. Mál þetta varðar því túlkun á gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót sem hljóðar svo:

„Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsa nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í blut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu í meistaraflokki getur sætt sekt að lágmarki upphæð kr. 100.000 og allt að kr. 250.000. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu í öðrum aldursflokkum en í meistaraflokki getur sætt sekt að lágmarki upphæð kr. 50.000 og allt að kr. 100.000. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 150.000 í meistaraflokki en 100.000 í öðrum flokkum“

Ofangreint ákvæði er tvíþætt þar sem annars vegar er gert ráð fyrir því að félag sem fyllir leikskýrslu vísitandi, t.d. með fölsun, skuli tapa leiknum og hins vegar er gert ráð fyrir því að félag sem fyllir leikskýrslu ranglega út, hvort sem um mistök er að ræða eða ekki, geti sætt sektum. Nánari fyrirmæli um hvernig fylla eigi út leikskýrslu má finna í handbók leikja þar sem finna má tilmæli og reglur sem settar eru af stjórn KSÍ með vísan til gr. 1.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Á bls. 20 í handbókinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Félögum ber að fylla út leikskýrslu á innri vef KSÍ í síðasta lagi 60 mínútum fyrir leik. Þegar bæði lið hafa fyllt út leikskýrsluna er hún prentuð út, undirrituð af fulltríum beggia félaga og afhent dómara leiksins, eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik. Bæði félög geta fyllt út skýrsluna með góðum fyrirvara, þess vegna daginn áður. Sú skráning er aðeins aðgengileg viðkomandi félagi og birtist ekki á vef KSÍ fyrr en klukkustund fyrir skráðan leiktíma. Skýrslan er hins vegar ekki aðgengileg til útprintunar fyrr en klukkustund fyrir upphaflegan leiktíma.“

Í máli þessu liggur fyrir að kærði hafði ekki skilað leikskýrslu þegar 60 mínútur voru til leiks og starfsmaður sem tók þátt í leiknum var ekki skráður á leikskýrslu þegar henni var skilað undirritaðri til dómara. Þessu gengst kærði við og kveður mistök vera orsök þessa. Að mati aga- og úrskurðarnefndar liggur með vísan til framangreinds fyrir að leikskýrslan hafi verið ranglega fyllt út af hálfu kærða, enda var ekki verið farið að fyrirmælum þar að lútandi. Kröfur kæranda varða á hinn bóginn fyrst og fremst 1. málsl. gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og þarf því að ákvarða hvort um vísitandi háttsemi sé um að ræða.

Við sönnunarmat á meintu vísitandi broti horfir nefndin m.a. til dóms áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2021 og þess að nefndinni beri að gæta þess að sönnunarkröfur séu uppfylltar við mat á broti kærða. Nefndin þarf að leggja mat á það hvort fullnægjandi líkur (e. comfortable satisfaction) séu á að kærði hafi gerst brotlegur við gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Ljóst er að huglægt mat þess efnis hvort skýrsla sé vísitandi ranglega fyllt út getur verið snúið og að mati nefndarinnar birtist það m.a. í upptalningu ákvæðisins þar sem kemur fram að skýrsla geti t.d. verið vísitandi ranglega útfyllt þegar nafn eða kennitala er falsað, enda hægt að sanna deili á þeim sem raunverulega spilar leikinn með hlutlægum hætti.

Fyrir liggur að frásagnir kæranda og kærða af atvikum eru ólíkar. Kærandi leggur áherslu á að ekki sé um fyrsta skiptið að ræða sem kærði skilar leikskýrslu seint og að samskipti forráðamanna félaganna hafi átt að leiða til þess að kærði hafi átt að gæta sín enn frekar við útfyllingu leikskýrslu. Aga- og úrskurðarnefnd telur sig ekki geta litið til fyrri mála fyrir nefndinni til marks um að háttsemi kærða í þetta skiptið sé vísitandi heldur þurfi að fullnægja sönnunarkröfum í hvert skipti. Nefndin telur jafnframt ekki unnt að líta á sem svo að þátttaka Þórs Sigurðssonar í leiknum, þrátt fyrir að hann hafi ekki verið á skýrslu, jafngildi því að skýrsla hafi verið vísitandi ranglega fyllt út. Umræddur þjálfari hefur jafnan verið á skýrslu kærða í leikjum í sumar og var ekki í leikbanni. Að mati nefndarinnar er ekki unnt að sjá hvaða hag kærði hafði af því að vísitandi sleppa því að hafa þjálfarann á leikskýrslu.

Með vísan til alls framangreinds telur aga- og úrskurðarnefnd að ekki hafi verið leiddar fullnægjandi líkur að því að kærði hafi vísvitandi fyllt leikskýrslu ranglega út. Þá telur aga- og úrskurðarnefnd að ekkert bendi til þess að leikskýrsla hafi verið fölsuð og því sé ekki tilefni til þess að dæma þjálfara eða forráðamann kærða í bann á grundvelli gr. 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Að mati nefndarinnar liggur fyrir að reglum hvað varðar útfyllingu og skil leikskýrslu voru brotnar af hálfu kærða, annars vegar að því leyti að henni var skilað of seint inn á vef KSÍ og hins vegar þar sem einn starfsmanna var ekki tilgreindur á skýrslunni. Með vísan til 2. málsl. gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót getur kærði sætt sektum vegna þessa. Aga- og úrskurðarnefnd hefur með vísan til alls framangreinds ákveðið að kærði sæti sekt að fjárhæð kr. 150.000,- fyrir að hafa fyllt leikskýrslu ranglega út.

VII.

Úrskurðarorð:

Úrslit úr leik Stjórnunnar gegn KA sem fram fór á Samsung vellinum í Garðabæ þann 31. ágúst 2025 skulu standa óhöggð.

Þjálfari og forráðamaður Stjórnunnar skulu ekki sæta viðurlögum.

Kröfu um málskostnað er vísað frá.

Knattspyrnudeild Stjórnunnar skal greiða sekt til KSÍ að fjárhæð kr. 150.000,-.

Þróstur Ríkharðsson [sign]

Jóna Benný Kristjánsdóttir [sign]

Gunnar Sverrir Gunnarsson [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.